

Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011. (Íbúakosningar á vegum sveitarfélaga)

Mál nr. 53/2022 Birt: 04.03.2022

- Innviðaráðuneytið
- Drög að frumvarpi til laga
- Málefнасvið:
- Sveitarfélög og byggðamál

Til umsagnar

Umsagnarfrestur er 04.03.2022–15.03.2022. Umsagnir verða birtar jafnóðum og þær berast.

[Senda inn umsögn](#)

Málsefni

Innviðaráðuneytið birtir til umsagnar drög að frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum vegna íbúakosninga sveitarfélaga.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er í þremur tilvikum gert ráð fyrir íbúakosningum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir kosningum um skipan nefndar samkvæmt 38. gr. laganna, í öðru lagi kosningum um einstök málefni samkvæmt 107. gr. og í þriðja lagi kosningum um sameiningu sveitarfélaga samkvæmt 125. gr.

Fengin reynsla hefur leitt það í ljós að þær reglur sem nú gilda um íbúakosningar mættu vera skýrari. Jafnframt hefur komið fram að þær kröfur sem gerðar eru til íbúakosninga á grundvelli núgildandi sveitarstjórnarlaga kunna að vera óþarflega miklar sem leitt hefur til þess að sveitarfélög nýta sér ekki þau úrræði sem sveitarstjórnarlögin bjóða til þess að kanna vilja íbúa, heldur halda þess í stað sérstakar kannanir.

Tilgangur frumvarpsins er að (1) einfalda og skýra þær reglur sem gilda um íbúakosningar sveitarfélaga, (2) rýmka og lögfesta varanlega heimildir sveitarfélaga til að halda íbúakosningar með rafrænum hætti og (3) leiðrétta ágalla sem eru á hinu lögbundna ferli sem fylgja þarf þegar kemur að sameiningu sveitarfélaga.